

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 23. febrúar 2010 í máli nr. S-1345/2008:

Ákærvaldið

(Þorsteinn Skúlason fulltrúi)

gegn

Guðnýju Sæbjörgu Ásgeirsdóttur

(Sveinn Guðmundsson hrl.)

Ár 2010, þriðjudaginn 23. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ragnheiði Harðardóttur, settum héraðsdómara, og héraðsdómurinum Ingimundi Einarssyni og Sigrúnu Guðmundsdóttur, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 1345/2008: Ákærvaldið gegn Guðnýju Sæbjörgu Ásgeirsdóttur, sem tekið var til dóms 3. febrúar sl. að lokinni aðalmeðferð.

Málið er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dagsettri 14. október 2008, á hendur ákærðu, Guðnýju Sæbjörgu Ásgeirsdóttur, kt. 000000-0000, Kóngsbakka 9, Reykjavík, fyrir hegningar- og umferðarlagabrot með því að hafa, miðvikudaginn 7. febrúar 2007, ekið bifreiðinni KT-013 frá Kóngsbakka 9 í Reykjavík með hrímaða framrúðu svo að útsýn var skert og að hafa þá á leið austur Breiðholtsbraut, skammt austan við Jaðarsel í Reykjavík, þegar ákærða hafði sprautað rúðuvökva á rúðuna og misst við það sjónar á veginum, ekið bifreiðinni yfir á akrein fyrir umferð á mótum með þeim afleiðingum að árekstur varð við bifreiðina JF-173, sem ekið var vestur sama veg, og ökumaður hennar, Alma Dröfn Geirdal Ægisdóttir, fædd 6. september 1979, hlaut stórt tætt sár á vinstra hné með opnu hnéskeljarbroti, brjóstholsáverka með loftbrjósti og vökvasöfnun og yfirborðsáverka víða svo sem mar á enni og hrufslár á hægri hné.

Er þetta talið varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 14. gr. og 59. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 14. gr. laga nr. 44/1993.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar.

Af hálfu ákærðu er aðallega krafist sýknu af kröfum ákærvalds og að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði. Til vara er þess krafist að refsing ákærðu, komi til sakfellingar, verði skilorðsbundin.

Dómur gekk í málinu 5. mars 2009 og var ákærða þá sýknuð af kröfum ákærvaldsins, þar sem hún neitaði fyrir dómi að hafa ekið að heiman frá sér með hrímaða rúðu og sagði ekki rétt eftir sér haft um þetta atriði í lögregluskýrslu. Var málinu áfrýjað. Í dómi Hæstaréttar 19. nóvember 2009 kemur fram að ekkert hafi verið vikið að því í forsendum héraðsdóms að ljósmyndir sem eru meðal málgagna sýndu glöggvettvang slyssins og hvernig yfirborð götunnar hefði verið í umrætt sinn og þar með hvort þar hefði verið „skítur og slabb“ eins og ákærða hefði borið fyrir dómi að slest hefði á framrúðu bifreiðar hennar og byrgt henni sýn. Þá væri ekkert vikið að veðurastæðum sem þá ríktu og rannsókn lögreglumanns á framrúðum bifreiðanna á vettvangi slyssins. Var talið að ekki yrði hjá því komist að ómerkja dóminn og vísa málinu til héraðsdóms til meðferðar að nýju. Í kjölfarið fékk dómsformaður mál þetta til meðferðar og kvaddi hann með sér tvo héraðsdómara, sbr. 3. mgr. i.f. 208. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Málavextir

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu frá 7. febrúar 2007 barst lögreglu kl. 9:54 tilkynning um mjög harðan árekstur bifreiðanna KT-013 og JF-173 á Breiðholtsbraut við Vatnsendahvarf og kom fram að ökumenn væru fastir í ökutækjunum. Er lögreglumenn komu á vettvang kom í ljós að áreksturinn hafði orðið á Breiðholtsbraut, miðja vegu milli Vatnsendahvarfs og Jaðarsels/Suðurfells. Var búið að loka fyrir umferð á svæðinu og slökkviliðsmenn þegar byrjaðir að vinna að því að ná ökumönnunum út úr bifreiðunum. Voru ökumenn að því loknu fluttir á slysideild Landspítala-háskólasjúkrahúss með sjúkrabifreiðum.

Kemur fram í skýrslunni að bifreiðinni KT-013 hefði verið ekið austur Breiðholtsbraut, en bifreiðinni JF-173 í vestur. Ummerki á vettvangi hefðu sýnt að bifreiðarnar hefðu lent saman norðan við miðlínu á akrein til vesturs. Veður hefði verið bjart, hálfskýjað en sól enn það lágt á lofti að hún hefði ekki skinið á þeim stað sem óhappið varð. Yfirborð akbrautar hefði verið rakt, en ekki virst vera ísing þar sem óhappið varð. Snjóföln hefði verið eftir miðlínu akbrautar.

Þá kemur fram að á vettvangi hefði lögreglumaður rætt við ökumann bifreiðarinnar KT-013, ákærðu í máli þessu. Hefði ákærða sagst hafa ekið austur Breiðholtsbraut og séð illa út vegna hríms á framrúðu, en hún hefði ekki hreinsað framrúðuna áður en hún ók af stað að heiman. Hún hefði því sprautað rúðuvökva á framrúðuna, en þá misst sjónar á veginum fyrir framan og líklegast farið yfir á rangan vegarhelming. Lögreglumenn hefðu skoðað bifreiðarnar og hefði mátt sjá að framrúða bifreiðarinnar JF-173 var hrein, en framrúða bifreiðarinnar KT-013 hefði verið hrímuð, auk þess sem hún var vot eftir rúðuvökva.

Á meðal gagna málsins er skýrsla tæknideildar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um vettvangsrannsókn og fylgja skýrslunni ljósmyndir teknar á vettvangi. Á myndunum sjást bifreiðarnar og vegurinn við árekstrarstað.

Þá er meðal gagna málsins vottorð Veðurstofu Íslands um veður í Reykjavík 7. febrúar 2007 þar sem kemur fram að klukkan 9 til 12 um morguninn hafi hiti verið -5,3 til -3,2 °C, en vindhraði 2,3 til 3,8 m/s. Jörð hafi verið alþakin

jafnfallinni lausamjöll klukkan 9.

Í málinu liggur fyrir læknisvottorð Yngva Ólafssonar, sérfræðings í bæklunarskurðlækningum, dagsett 9. september 2008, þar sem kemur fram að Alma Dröfn Geirdal Ægisdóttir hafi við slysið hlotið opið hnéskeljarbrot vinstra megin auk lítills brjóstholtsáverka með smávægilegu loftbrjósti hægra megin og vökvasöfnun og yfirborðsáverkum víða, svo sem á enni og yfir hægra hné. Hafi hún notið meðferðar vegna brjóstholtsáverkans og gengist undir aðgerð þar sem hnéskel var rétt og fest með tveimur skrúfum, auk þess sem rof í lærvöðvasin var saumað. Hefði hún legið á sjúkrahúsi í 5 daga, en síðan hefði gipsmeðferð tekið við. Við skoðun 27. desember 2007 hefði töluverð hreyfiskerðing verið til staðar í hné, sem hún beygði eingöngu um 90°.

Ákærða var yfirheyrð af lögreglu 27. febrúar 2007 og var móðir hennar viðstödd skýrslutökuna. Í skýrslu lögreglu kemur fram að ákærða hafi sagst hafa verið á leið í skóla þennan morgun og ekki skafið hrím af framrúðu bifreiðarinnar, þar sem hún hefði verið að flýta sér. Hún hefði ekið inn á Breiðholtsbraut og sett „rúðupissið“ á rúðuna, en þá hefði það frosið og útsýn versnað til muna. Hún hefði verið í þann mund að aka út í kant og skafa þegar hún hefði séð ljós koma að og síðan fundið högg þegar bifreiðarnar skullu saman. Hún hefði ekki gert sér grein fyrir því að hún hefði verið komin yfir á rangan vegarhelming. Hún gæti ekki sagt til um hve hratt hún ók bifreiðinni.

Verður nú rakinn framburður ákærðu og vitna fyrir dóminum.

Ákærða sagðist hafa lagt af stað frá heimili sínu við Kóngsbakka þennan morgun og hefði hún ekið út á Breiðholtsbraut. Hún hefði ekið um tvenn gatnamót á þessari leið og hefði þá komið einhver „jóstur“ eða „skítur“ á bifreiðina, líklegast frá öðrum bifreiðum. Hún hefði því sprautað rúðuvökva á framrúðuna. Sagðist ákærða lítið muna hvað gerðist eftir það.

Ákærða sagði framrúðu bifreiðarinnar ekki hafa verið hrímuga þegar hún lagði af stað frá Kóngsbakka. Hún sagðist ekki muna eftir því að lögregla hefði rætt við hana á vettvangi. Þá sagði hún ekki rétt eftir sér haft í lögregluskýrslu að hún hefði ekki skafið hrím af framrúðu bifreiðarinnar áður en hún lagði af stað. Sagði ákærða að lögreglumaðurinn sem tók skýrsluna hefði sagt henni að ekki yrði meira úr þessu máli og því hefði hún undirritað skýrsluna þótt ekki væri þar rétt eftir henni haft. Ákærða sagði lögreglumanninn hafa hjálpað henni af stað við skýrslutökuna. Hann hefði „komið orðunum fyrir í skýrslunni“. Skýrslutakan hefði gengið þannig fyrir sig að lögreglumaðurinn hefði spurt hana beinna spurninga og hún svarað þeim.

Ákærða sagðist hafa slasast mikið við slysið. Hún hefði farið úr mjaðmarlið, úlnliðsbrotnað og tognað víða um líkamann. Þá hefði hún átt erfitt uppdráttar eftir þetta, misst úr skóla og orðið að leita sér sálfræðiaðstoðar.

Vitnið *Alma Dröfn Geirdal Ægisdóttir* sagðist hafa ekið upp Breiðholtsbrautina þegar bifreið ákærðu hefði verið ekið framan á bifreið hennar. Sagði hún áreksturinn hafa orðið á sínum vegarhelmingi. Hún hefði hlotið mikla áverka við þetta, hnéskel hefði klofnað og endað uppi í lærvöðva, þar sem hún hefði rífið sin og vöðva. Hefði hún orðið að gangast undir aðgerð þar sem hnéskelin var rétt staðsett með skrúfum. Þá hefði hún rifbeinsbrotnað og hlotið áverka á lungum og

blæðingar í kviðarhol og brjósthol. Hreyfigeta hnésins hefði skerst mikið við þetta og væri ekki talið að hún myndi ná sér að fullu. Vitnið sagðist ekki hafa verið í ö kubelti í umrætt sinn.

Vitnið *Sigrún Sigurðardóttir* sagðist hafa ekið vestur Breiðholtsbraut þegar bifreið sem ekið var á móti hefði allt í einu farið yfir á öfugan vegarhelming. Vitnið sagðist hafa ekið bifreið sinni út af veginum, en bifreiðin sem ekið var á eftir henni hefði fengið höggið. Vitnið sagði veður hafa verið þurrt og gott, ekki hefði verið slabb eða hálka á veginum og hún hefði ekki þurft að nota rúðupurrkur. Hún kannaðist ekki við að yfirborð vegarins hefði verið rakt.

Vitnið *Karlotta Jóna Finnsdóttir*, móðir ákærðu, sem var viðstödd þegar skýrsla var tekin af ákærðu á lögreglustöð, sagði það sem kæmi fram í skýrslunni ekki hafa verið eftir beinni frásögn ákærðu. Hún hefði ekki sagt frjálst frá í hluta skýrslutökunnar, heldur hefði hún verið leidd áfram. Þá hefði ákærða verið illa fyrir kölluð við skýrslutökuna. Vitnið sagði að þegar skýrslutökunni var lokið hefðu þær spurt lögreglumanninn hvort þetta myndi hafa einhverja eftirmála og hefði hann sagst telja svo myndi ekki vera. Hún kannaðist við að hafa undirritað skýrsluna ásamt dóttur sinni. Henni hefði ekki fundist óeðlilegt á þeim tíma að lögreglumaðurinn stýrði skýrslutökunni með því að lesa upp það sem ákærða hefði áður sagt og spyrja hana hvort það væri rétt. Hún hefði ekki gert athugasemdir við skýrslutökuna.

Vitnið *Guðmundur Stefán Sigmundsson* lögreglumaður sagðist hafa komið á vettvang í umrætt sinn. Vitnið sagðist minna að slabb hefði verið á miðlínu vegarins, en hins vegar ekki í hjólförum. Ekki hefði verið hálka. Áreksturinn hefði orðið rétt norðan megin við miðju vegarins. Vitnið sagðist hafa skoðað bifreiðina KT-013 og hefði framrúða verið hrímug og lykt eins og af rúðuvökva. Virtist honum sem útsýn hefði verð skert um rúðuna.

Vitnið *Birgir S. Jóhannsson* lögreglumaður, sem kom á vettvang ásamt Guðmundi Sigmundssyni, sagðist minna að einhver bleyta eða hálka hefði verið á yfirborði vegarins, en þó ekki treysta sér til að fullyrða um það. Þá sagðist hann minna að komið hefði fram hjá lögreglukonum, sem voru komnar á vettvang á undan þeim, að ökumaðurinn sem fór yfir á öfugan vegarhelming hefði verið að sprauta rúðuvökva á framrúðuna. Þeir hefðu litið á framrúðuna til að staðfesta að rúðuvökvi væri á henni. Hann sagðist ekki muna hvort hrím var á rúðunni.

Vitnið *Guðrún Árnadóttir* lögreglumaður sagðist hafa sinnt ákærðu á árekstrarstað. Hefði ákærða verið mikið slösuð og í miklu uppnámi. Ákærða hefði sagt henni að fyrra bragði að tildrög slyssins hefðu verið þau að hún hefði ekki séð neitt út um framrúðuna og sprautað rúðuvökva til að sjá út. Vitnið sagðist muna að mjög kalt var í veðri. Hún hefði ekki skoðað framrúðuna, en sinnt ákærðu uns sjúkralið kom. Borið var undir vitnið það sem bókað var eftir henni í frumskýrslu lögreglu að hún hefði rætt við ákærðu „sem sagðist hafa ekið austur Breiðholtsbraut og hafi hún séð illa út vegna hríms á framrúðu en hún hafi ekki hreinsað framrúðuna áður en hún ók af stað heiman frá sér. Hún hafi því sprautað rúðuvökva á framrúðuna en þá misst sjónar á veginum fyrir framan og þá líklegast farið yfir á rangan vegarhelming“. Sagði vitnið þetta efnislega rétt eftir sér haft.

Vitnið *Ragnar Jónsson*, rannsóknarlögreglumaður í tæknideild lögreglu, tók ljósmyndir á vettvangi. Vitnið sagðist hafa tekið yfirlitsmyndir og myndir af sjáanlegum ákomum á bifreiðunum. Hann sagðist minna að akreinar hefðu verið hreinar fyrir utan brak úr bifreiðunum. Vísaði vitnið til ljósmynda sem hann tók, þar sem ekki væri að sjá slabb á veginum. Vitnið sagðist ekki hafa skoðað framrúðuna á bifreið ákærðu, en hann hefði verið beðinn um að taka afstöðumyndir á vettvangi.

Vitnið *Leifur Halldórsson* lögreglumaður, sem annaðist skýrslutöku af ákærðu, sagði ákærðu hafa verið gefinn kostur á að tjá sig sjálfstætt um atvik og það hefði hún gert. Móðir ákærðu hefði verið við skýrslutökuna og hefðu þær lesið skýrsluna í lokin og undirritað hana. Vitnið sagði ákærðu hafa verið kynnt við upphaf skýrslutökunnar það sem haft var eftir henni í fumskýrslu. Ekkert hefði komið fram við skýrslutökuna sem var í andstöðu við þá lýsingu. Vitnið vísaði því alfarið á bug að hann hefði hálfpartinn samið skýrsluna fyrir ákærðu og stjórnað skýrslutökunni. Þá hefði hann ekki orðað svör ákærðu fyrir hana. Þá sagðist vitnið ekki muna til þess að hafa sagt ákærðu að ekki yrðu neindir eftirmálar af þessu. Hann legði ekki í vana sinn að segja slíkt, enda væri ekki hans að ákveða það. Vitnið sagðist ekki muna til þess að ákærða hefði verið illa fyrir kölluð við skýrslutökuna.

Nánar spurður sagðist vitnið við upphaf skýrslutökunnar hafa kynnt ákærðu efnislega hvað hefði komið fram í frumskýrslunni. Síðan hefði hann skráð eftir henni það sem hún hefði að segja um atvik og hefði það verið frjáls frásögn ákærðu. Ef hann spytji beinna spurninga skrái hann þær spurningar í skýrsluna og síðan svörin við þeim. Hann hafi beint eftir viðkomandi þegar um frjálsa frásögn er að ræða.

Niðurstaða

Ákærða neitar sök. Hún hefur borið að á þeirri leið sem hún ók hafi einhver „jóstur“ eða „skítur“ komið á bifreiðina, líklega frá öðrum bifreiðum. Hafi hún sprautað rúðuvökva á framrúðuna af þeim sökum. Segist ákærða lítið muna hvað gerðist eftir það. Þá hefur ákærða borið að hún muni ekki eftir að hafa sagt lögreglukonu á vettvangi að hún hefði ekki skafið hrím af framrúðu áður en hún lagði af stað. Jafnframt sé rangt eftir henni haft um þetta í lögregluskýrslu sem tekin var af henni. Hefði lögreglumaður „komið orðunum fyrir í skýrslunni“. Hann hefði spurt hana beinna spurninga sem hún hefði svarað.

Meðal gagna málsins eru ljósmyndir sem teknar voru á vettvangi í umrætt sinn og sést vegur á árekstrarstað vel á myndunum. Ljósmyndir bera glögg með sér að akbraut á vegarkafli í akstursstefnu ákærðu hefur verið snjólaus og hrein. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum Veðurstofu var frostkalt þennan morgun og bera ljósmyndirnar með sér að ekki hefur verið slabb á akbrautinni. Ekkert er að sjá á akbrautinni eða við hana sem hefði getað valdið því að „jóstur“ eða „skítur“ hefði gengið yfir bifreið ákærðu með þeim afleiðingum að útsýn um framrúðu skertist.

Guðrún Árnadóttir lögreglumaður, sem ræddi við ákærðu á vettvangi, sagði ákærðu hafa sagt henni að fyrra bragði að tildrög slyssins hefðu verið þau að hún hefði ekki

séð neitt út um framrúðuna og sprautað rúðuvökva til að sjá út. Staðfesti hún að rétt væri sem fram kæmi í frumskýrslu að ákærða hefði sagst hafa ekið austur Breiðholtsbraut og hefði hún séð illa út vegna hríms á framrúðu, en hún hefði ekki hreinsað framrúðuna áður en hún ók af stað að heiman frá sér. Hún hefði því sprautað rúðuvökva á framrúðuna en þá misst sjónar á veginum fyrir framan og þá líklegast farið yfir á rangan vegarhelming. Guðmundur Stefán Sigmundsson lögreglumaður sagðist hafa skoðað framrúðu bifreiðar ákærðu. Hefði rúðan verið hrímug og lyktað eins og af rúðuvökva. Með framburði lögreglumannanna tveggja telst sannað að ákærða hafi á vettvangi tjáð sig um atvik með þeim hætti sem kemur fram í frumskýrslu.

Leifur Halldórsson lögreglumaður sem annaðist skýrslutöku af ákærðu hefur alfarið vísað því á bug að hann hafi orðað svör ákærðu fyrir hana. Vitnið sagðist hafa kynnt ákærðu efnislega það sem komið hefði fram í frumskýrslu. Síðan hefði hann skráð eftir ákærðu frásögn hennar af atvikum. Vitnið sagðist skrá spurningar sem hann legði fyrir skýrslugjafa í skýrslurnar, sem og svör skýrslugjafa við spurningum. Ber skýrsla ákærðu með sér að hún hafi skýrt sjálfstætt frá atvikum í upphafi skýrslutöku, en síðan svarað spurningum lögreglumannsins. Er það einnig í samræmi við lýsingar móður ákærðu, Karlottu Jónu Finnsdóttur, sem bar að ákærða hefði verið leidd af lögreglumanninum „í hluta skýrslutökunnar“. Þá kom fram hjá vitninu að henni hefði ekki þótt óeðlilega staðið að skýrslutökunni á sínum tíma og hefði hún ekki gert athugasemdir við hana. Loks verður ekki litið fram hjá því að í lok skýrslunnar er bókað að ákærða hafi lesið skýrsluna yfir og segi hana rétt eftir sér skráða og að hún hafi engu við málið að bæta. Er skýrslan jafnframt undirrituð af ákærðu og móður hennar. Hafa þær ekki að mati dómsins gefið trúverðugar skýringar á því hvers vegna þær undirrituðu skýrsluna, ef þær töldu það sem þar kom fram ekki vera rétt eftir ákærðu haft. Er hafnað sem röngum framburði ákærðu um að rangt sé eftir henni haft í lögregluskýrslunni.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið telst sannað að ákærða hafi á vettvangi skýrt frá atvikum með þeim hætti sem lýst er í frumskýrslu. Þá hafi hún borið á sama veg um atvik við skýrslutöku hjá lögreglu, svo sem kemur fram í skýrslunni. Verður framburður ákærðu við lögreglurannsókn málsins lagður til grundvallar í málinu, en framburði hennar fyrir dómi hafnað sem röngum, enda er hann í andstöðu við rannsóknargögn málsins svo sem rakið hefur verið. Samkvæmt því þykir sannað að ákærða hafi í umrætt sinn ekið bifreiðinni með hrímaða rúðu svo að útsýn var skert og sprautað rúðuvökva á rúðuna, en við það misst sjónar á veginum og ekið bifreiðinni yfir á akrein fyrir umferð á móti, svo sem lýst er í ákæru og með þeim afleiðingum sem þar getur. Eru meiðsli Ölmú Drafnar Geirdal Ægisdóttur staðfest með læknisvottorði og framburði hennar fyrir dóminum. Verður ákærða sakfelld fyrir þá háttsemi sem henni er gefin að sök í ákæru og er þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærða er fædd í júlí 1989 og hefur hún ekki sætt refsingu svo vitað sé. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að langt er liðið frá framningu brotsins. Virðist lögreglurannsókn að mestu hafa lokið 28. febrúar 2007, en læknisvottorð um áverka Ölmú Drafnar Geirdal Ægisdóttur lá þá ekki fyrir. Umrætt læknisvottorð er dagsett 9. september 2008, en ákæra gefin út 14. október 2008. Hefur rannsókn málsins dregist úr hófi án þess að ákærðu yrði um það kennt. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hlaut Alma Dröfn alvarleg og að því er virðist varanleg meiðsli við áreksturinn. Þykir þó verða að líta til þess sem fram er komið að Alma

Dröfn var ekki með ökubelti í umrætt sinn og kann það að hafa valdið einhverju um hversu alvarlega hún slasaðist. Að þessu gættu, og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin 100.000 króna sekt í ríkissjóð og komi 8 daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærða greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Guðmundssonar hæstaréttarlögmans, vegna meðferðar málsins fyrir héraðsdómi, 493.825 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 10.209 krónur vegna útlagðs kostnaðar verjanda. Ekki liggja fyrir gögn um annan sakarkostnað í málinu.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Þorsteinn Skúlason, fulltrúi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Dómsorð:

Ákærða, Guðný Sæbjörg Ásgeirsdóttir, greiði 100.000 króna sekt í ríkissjóð og komi 8 daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærða greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Guðmundssonar hæstaréttarlögmans, 493.825 krónur og 10.209 krónur vegna útlagðs kostnaðar verjanda.

Ragnheiður Harðardóttir

Ingimundur Einarsson

Sigrún Guðmundsdóttir

Rétt endurrit staðfestir,

Héraðsdómi Reykjavíkur, 23. febrúar 2010.

